

Samhliða aðalfundinum heldur endurmenntunarnefnd námskeið í samvinnu við Lúðvík Þráinsson, lögg. endursk. hjá Deloitte og stundakennara hjá RU, námskeiðið mun vera í ýmsum reikningshaldslegum verkefnum.

Tími og dagskrá

Námskeiðið mun hefjast kl. 13.00 og standa til 16.00 og verður félagsmönnum að kostnaðarlausu.

Eftir það mun hefjast hugarflugsfundur um framtíð og stefnu félagsins í vonandi mjög fjórlegum umræðum.

Kl. 17.00 stundvíslega mun aðalfundurinn hefjast og að honum loknum munum við þiggja veitingar í boði félagsins, en þá mun skemmtinefndin taka við stjórn og bíðum við öll spennit að sjá hvað í boði verður.

Námskeiðsskráningu þarf að tilkynna á netfangið fvb@fvb.is fyrir þriðjudaginn 6.nóvember og skráning vegna þátttöku á aðalfund á sama netfang fvb@fvb.is



Breytingar samþykktá

Á síðasta aðalfundi var samþykkt að setja nefnd á laggirnar, sem gengið hefur undir nafninu "laganefndin" og hefur hún verið að störfum síðustu misserin. Í nefndinni eru Barbara Wdowiak, Halla Torfadóttir og Svanborg Magnúsdóttir. Afrakstur þessara starfa var sendur út með aðalfundarboðinu og má einnig finna á heimasíðu félagsins. En nefndin hefur langt frá því unnið ein og sér, stjórnarmenn FVB og síðast en ekki síst, Guðmundur B. Ólafsson hrl. lögmaður VR, hafa lagt hönd á plóginn. Eitt af því sem kemur fram er að við leggjum til að láta samþykktirnar heita Lög Félags viðurkenndra bókara, frekar en Samþykktir.

Heimasíðan

Sjá yfirlit um heimsóknir á heimasíðuna skv. sjálfvirkri talningu í síðustu viku:

Total	7,713
Average per Day	24
Average Visit Length	6:42
This Week	169

Lítill vinasaga

Þetta er saga af litlum dreng sem var afar geðvondur. Faðir hans gaf honum naglapakka og sagði honum að í hvert sinn sem hann missti stjórn á skapi sínu skyldi hann negla einn nagla í bakhlið grindverksins.

Fyrsta daginn negldi drengurinn 37 nagla í grindverkið. Næstu vikurnar lærði hann að hafa stjórn á reiði sinni og fjöldi negldra nagla minnkaði dag frá degi.

Hann uppgötvaði að það var auðveldara að hafa stjórn á skapi sínu en að negla alla þessa nagla í girðinguna.

Loksins rann upp sá dagur að enginn nagli var negldur og drengurinn hafði lært að hafa stjórn á sér. Hann sagði föður sínum þetta og faðirinn lagði til að nú drægi drengurinn út einn nagla fyrir hvern þann dag sem hann hefði stjórn á skapi sínu.

Dagamir liðu og loks gat drengurinn sagt föður sínum að allir naglarnir væru horfnir.

Faðirinn tók soninn við hönd sér og leiddi hann að grindverkinu. Þú hefur staðið þig með þryði, en sjáðu öll götin á grindverkinu. Það verður aldrei aftur eins og það var áður. Þegar þú segir eitthvað í reiði, skilur það eftir sig ör alveg eins og naglarnir. Þú getur stungið mann með hnífi og dregið hnífinn aftur úr sárinu, en það er alveg sama hve oft þú biðst fyrirgefningar, örin eru þarna samt áfram. Ör sem orð skilja eftir sig geta verið jafnskæm og líkamleg ör.

Vinir eru sjaldgæfir eins og demantar. Þeir hlusta á þig, skiptast á skoðunum við þig og opna hjarta sitt fyrir þér.



Bókaratíðindi

Stjórn Félags viðurkenndra bókara þakkar gott samstarf s.l. starfsár.

Merki félagsins - upprifjun

Bjarni Kjartansson, grafískur hönnuður hannaði merki félagsins, og hugmyndina vann hann út frá því að letrið „Bodoni“ í lágstöfum í skammstöfum félagsins, fannst honum tákni um nákvæmni, traust og stöðugleika. Blái rúnaði ferningurinn getur verið tilvísun í tölvuskjá eða bara rammí utan um talnalyklaborðið sem hvítu ferningarnir tákna. Blátt er einnig litur trausts og virðingar.



Félagsmönnum fjölgar ört

Félagsmenn okkar eru nú 169 talsins, en í dag eru 60 aðilar skráðir til náms í Háskólanum í Reykjavík. Fyrsta hluta námsins, Upplýsingatekni, er nú lokið en hann var kenndur í samvinnu við endurskoðendur hjá Deloitte og gekk með ágætum. Nú sitja neman kófsveittir í Skattarétti hjá Elvu Ósk Wium, lögfr. hjá Ernst & Young hf., og svo er það Lúðvík Práinsson hjá Deloitte sem fær að reka endapunktinn með Reikningshaldið. Niðurstöður úr Upplýsingatekninni urðu þannig að meðaltalseinkunn varð 6.64 og voru það 13 nemendur sem náðu ekki lánmarkseinkunn, og 35 nemendur fengu yfir 7. Síðasta prófið hjá þeim verður þann 19. desember.



Félagið í tölum

Algengast er að félagsmenn heiti Guðrún en þær eru jafnmargar og karlmennirnir í félaginu eða rétt innan við 10% félagsmanna. Jafnmargir búa utan stórhöfuðborgarsvæðisins og sem bera nöfnin Guðrún og Sigrún eða 17%. En félagsmenn utan Selfoss – Akranes – Reykjanessvæðisins eru 7% félagsmanna, þar af eru 2 á Austurlandi, 1 í Vestmannaeyjum, en aðrir búa á Norðurlandi.

Prófaneind

Í byrjun vetrarstarfsins kom í ljós að skipa þurfti nýjan fulltrúa frá félaginu í prófaneind þar sem skipun Gyðu Margeirsdóttur hafði fallið úr gildi eftir 4 ár í nefndinni og vill félagið þakka henni fyrir gott starf s.l. ár. Stjórnin var samdóma um að mæla með núverandi formanni félagsins í nefndina. Í nefndinni sitja 3 aðilar, fulltrúi Háskólans í Reykjavík Þór Clausen, lögfr. Fjármálaráðuneytisins Þóroddur Reynisson og fulltrúi okkar félags. Á fulltrúi okkar á að gæta hagsmuna félagsins varðandi tilhögun námsins, ennfremur að sitja í prófaneind sem úrskurðaraðili.

Auglýsing félagsins



Stjórnin lét útbúa fyrir sig á árinu nýjan einblöðung til kynningar á félaginu og hefur hann verið sendur víða. Ef félagsmenn hafa áhuga á að auglýsa félagið þá verða eintök á aðalfundi til dreifingar. Hefur stjórnin ákveðið að auglýsa félagið með því að óska eftir að fá að vera við útskriftir tveggja framhaldsskóla í tilraunskyni. Þar fáum við tækifæri til að kynna félagið um leið og þeir veita viðurkenningu fyrir góðan árangur í bókaferlu og hefur félagið fest kaup á bókinni Skattur á fyrirtæki eftir Ásmuns G. Vilhjálmsson til gjafa við þessi tækifæri.

Vetrarstarf félagsins

Almennur félagssundur var haldin þann 7. september s.l. í í Heiðmörk. Skemmtu félagsmenn sér vel í íslenskrí veðráttu og í íslensku landslagi. Var sungið, enda gítar og söngbækur með í för, það var grillað, farið í göngu og leiki. Allir skemmtu sér vel og fóru heim búnir að styrkja tengslin og félagsandinn sveif yfir vötnum. Myndir má finna á heimasíðu félagsins.



Vísindaferðir

Hugur Ax býður félagsmönnum FVB í heimsókn fimmtudaginn 22. nóvember um kl. 17.00.

Efni: kynning á Opus Alt og Tok. Veitingar og góður félagskapur í boði.

Nánar auglýst síðar

RSK-heimboð eigum við inni og munum við heimsækja þá á nýju ári.

Hugmyndir félagsmanna um vísindaferðir væru vel þegnar, en er það ljóst að stærð félagsins er farin að há okkur, þar sem fyrirtæki eiga erfitt með að taka við hópum sem gætu verið yfir 100 manns.

Námskeið

Samningatekninámskeið var haldið í október. Reyndar var yfirskrift námskeiðsins “hennar sæti við borðið”, en er félagið að skoða svipað námskeið tileinkað kórlum. Þátttakendur voru mjög ánægðir með námskeiðið.

JC- fundarskaparnámskeiðinu sem vera átti nú í lok október var frestað vegna lítillar þátttöku.

Excel fyrir bókara hjá TV er vel sótt af félagsmönnum og er október námskeiðinu nýlokið og hafa nokkrir félagar skráð sig á námskeiðið í nóvember.

Aðalfundur

Aðalfundur Félags viðurkenndra bókara verður haldinn 9. nóvember nk. í húsakynnum Kiwanismanna við Engjateig í Reykjavík.

Núverandi formaður, Inga Jóna Óskarsdóttir, hefur ákveðið að gefa kost á sér til formennsku eitt ár í viðbót, en væntanlega gefa fleiri kost á sér svo að um drengilega kosningu verði að ræða.

Auk þess hefur Eva María Guðmundsdóttir, tölvunarfræðingur, sem setið hefur í stjórn í tvö ár ákveðið að gefa kost á sér til áframhaldandi setu í stjórninni. Barbara Wdowiak varaformaður mun hætta í stjórn eftir eitt ár, en kom hún inn sem fulltrúi í stað stjórnarmanns sem baðst undan skyldum vegna anna. En þær Júlía Sigurbergisdóttir gjaldkeri og Bryndís Sigurðardóttir meðstjórmandi eiga eitt ár eftir í stjórn skv. samþykktum félagsins.



Í endurmenntunarnefndinni mun Magdalena Lára Gestsdóttir, formaður, sitja áfram ásamt Margréti Katrínu Erlingsdóttur og Elíasi Jóhannssyni, en Halla Torfadóttir og Ingibjörg Stefánsdóttir munu hætta störfum í nefndinni. Upplýsingar varðandi skemmtinefnd, samskiptanefnd og skoðunarmann eru enn óljósar.

Þeir sem hafa áhuga á að starfa í þágu félagsins eru hvattir til að bjóða sig fram.